

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. apríl 2011
Tilvísun: 2011030014/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár, 540. mál

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 24. mars 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár, 540. mál.

Í umræddu frumvarpi til laga er m.a. lagt til að iðnaðarráðherra veiti Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár og beri Landsvirkjun hefja framkvæmdir hið fyrsta.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Orkustofnun bendir á að í mars 2003 var komið á nýju fyrirkomulagi í raforkumálum með samþykkt Alþingis á raforkulögum, nr. 65/2003, sem taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Lögunum er m.a. ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Samkvæmt raforkulögum þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 1 MW en áður þurfti leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver sem væru stærri en 2.000 kW og leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver sem væru á bilinu 200–2.000 kW.

Í II. kafla raforkulaga er nánar fjallað um raforkuvinnslu, þ.m.t. leyfisveiting og skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 32. gr. raforkulaga er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun leyfisveitingarvald sitt samkvæmt lögunum. Með erindisbréfi iðnaðarráðherra til Orkustofnunar frá 10. júlí 2008 var Orkustofnun falið, með vísan til 32. gr. raforkulaga, að fara með leyfisveitingarvald ráðherra samkvæmt ákvæðum laganna frá og með 1. ágúst 2008. Meðal þeirra heimilda sem Orkustofnun var falið að fara með var leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr. laganna, þ.e. veiting virkjunarleyfis.

Í ljósi framanritaðs bendir Orkustofnun á að markmið umrædds frumvarps er ekki í samræmi við núverandi stjórnslu raforkumála á þá vegu að iðnaðarráðherra hefur ekki að óbreyttu heimild til að veita umbeðið virkjunarleyfi þar sem hann hefur framselt Orkustofnun umrætt leyfisveitingarvald sitt.

Orkustofnun bendir á að skv. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, skal virkjunarleyfi veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt. Þá er í 4. gr. reglugerðarinnar kveðið á um umsókn um virkjunarleyfi og þau gögn og upplýsingum sem slíkri umsókn skal fylgja. Með vísan til þessa er því óheimilt að veita virkjunarleyfi nema fyrir liggja fullnægjandi gögn og upplýsingar, sem og að önnur skilyrði

uppfyllt sem talin eru upp í 5. gr. raforkulaga og 5. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Ekki liggja þau gögn og upplýsingar fyrir sem þar er kveðið á um í umræddu frumvarpi til laga

Í ljósi framanritaðs er það mat Orkustofnunar að iðnaðarráðherra sé eigi heimilt að verða við þeirri beiðni sem fram kemur í umræddu frumvarpi til laga.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við umrætt frumvarp til laga að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur